# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 8. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
### KJÖRTÍMABILIÐ 2022-2026 10.2.2023

**Árið 2023, Föstudaginn 10. febrúar 2023 kl. 9:00, var haldinn 8. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.**

**Mættir voru á fundinn:**
**Bragi Þór Thoroddsen, Kristján Rúnar Kristjánsson, Aníta Björk Pálínudóttir, Yordan Slavov Yordanov og Eiríkur Valgeir Scott.**

**Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.**
**Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.**

**Dagskrá og afgreiðsla erinda:**

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 8. fund sveitarstjórnar
2. Úthlutun byggðakvóta Súðavíkur fiskveiðiárið 2022/2023
3. Fundargerð 5. fundar fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefndar 30.1.2023
4. Fundargerð skipulags-,bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 6.2.2023
5. Gjaldskrárbreyting vegna breytingar á reglugerð um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs.
6. Breytt kröfugerð íslenska ríkisins – Ísafjarðarsýslur, svæði 10B.
7. Erindi vegna áhættumats siglinga – Daníel Jakobsson fh. Arctic Fish 1.2.2023.
8. Vatn í Reykjanesi – erindi frá Þorsteini Sigfússyni fh. Orkubús Vestfjarða 2.2.2023.
9. Umsagnarbeiðni vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar.
10. Skólastefna Súðavíkurhrepps 2023-2026.

---

1. **Skýrsla sveitarstjóra fyrir 8. fund sveitarstjórnar**
   Skýrsla sveitarstjóra – munnleg. Kynnt fulltrúum og rædd.
2. **Úthlutun byggðakvóta Súðavíkur fiskveiðiárið 2022/2023**
   Samþykktar úthlutunarreglur fyrir byggðakvóta Súðavíkurhrepps fiskveiðiárið 2022/2023
3. **Fundargerð 5. fundar fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefndar 30.1.2023**
   Fundargerð samþykkt ásamt skólastefnu sbr. 10. lið dagskrár.
4. **Fundargerð skipulags-,bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 6.2.2023**
   Fundargerð samþykkt.
5. **Gjaldskrárbreyting vegna breytingar á reglugerð um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs.**
   Gjaldskrárbreyting samþykkt.
6. **Breytt kröfugerð íslenska ríkisins – Ísafjarðarsýslur, svæði 10B.**
   Breytt kröfugerð íslenska ríkisins kynnt fundinum og hún rædd.
   *Bókun:* Yordan Slavov Yordanov styður ekki gagnkröfu lögmanns Súðavíkurhrepps sem varðar almenninga Súðavíkurhrepps í Skötufirði, sem snýr að landamerkjum milli Súðavíkurhrepps og Kleifa í Skötufirði og þess landsvæðis sem fellur innan gagnkrafna Súðavíkurhrepps á kostnað

Kleifa, u.þ.b. 40% jarðarinnar. Einkum með vísan til þess að líkur séu til þess að sá hluti landsins tapist til íslenska ríkisins vegna krafna Súðavíkurhrepps.
*Yordan óskar eftir því að málið sé borið undir atkvæði, að falla frá gagnkröfu Súðavíkurhrepps hvað varðar þann hluta sem Yordan telur að kunni að tapast til íslenska ríkisins og liggur á mörkum almenninga Súðavíkurhrepps og Kleifa í Skötufirði.*
Atkvæðagreiðsla fer 3/1 þar sem meirihluti fundar styður gagnkröfu Súðavíkurhrepps. Einn fulltrúi sat hjá.

7. **Erindi vegna áhættumats siglinga – Daníel Jakobsson fh. Arctic Fish 1.2.2023.**
   Erindi kynnt sveitarstjórn.
8. **Vatn í Reykjanesi – erindi frá Þorsteini Sigfússyni fh. Orkubús Vestfjarða 2.2.2023.**
   Vísað til svars sveitarstjóra dags. 2.2.2023.
9. **Umsagnarbeiðni vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar.**
   Súðavíkurhreppur veitirjákvæða umsögn um stækkun Mjólkárvirkjunar og gerir ekki athugasemdir.
10. **Skólastefna Súðavíkurhrepps 2023-2026.**
    Skólastefna samþykkt.
    Sveitarstjórn leggur á það ríka áherslu að aukið verði við íslenskukennslu í Súðavíkurskóla og íslenskt talað mál í starfi á skólatíma.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:15

**Bragi Þór Thorodsen**

**Yordan Slavov Yordanov**

**Eiríkur Valgeir Scott**

**Aníta Björk Pálínudóttir**

**Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti**